

**28.09.2019–05.01.2020**

**EITTHVAÐÚR ENGU**  
**Myndheimur**  
**Magnúsar Pálssonar**  
SOMETHING  
from NOTHING  
The Visual Realm of  
Magnús Pálsson



# EITTHVAÐ úr ENGU

## – Myndheimur Magnúsar Pálssonar

Þegar Magnús Pálsson var spurður í viðtali um verk sitt *Hundljóð* frá árinu 1970 greip hann til samlíkingar við tungumálið og hlutverks orða í ljóði: „...taki menn hlutina úr samhengi verða þeir að engu.“ Verkið samanstendur af röð sextán skúptúra þar sem gifsafsteypa af postulínshundi hrörnar smám saman og byggist upp á ný. ....hundurinn verður smám saman óljós, hættir að vera hundur og verður aðeins ögn af gifsi með heyvísík í miðjunni, en breytist síðan aftur í EITTHVAÐ úr ENGU.“ Þessi afstaða Magnúsar til sköpunarferlisins og samhengis hlutanna er rauður þráður í myndheimi listamannsins alla tíð.

Sex áratuga ferill Magnúsar einkennist af því hversu víða hann hefur komið við og markað spor. Sem kennari hefur Magnús haft ómæld áhrif á kynslóðir listamanna. Í leikhúsi hefur hann skapað nýstárlegar svíðsmyndir og tilraunakennd leikverk. Sem gjörningalistamaður er hann ótvíráður frumkvöðull. Í myndlist var Magnús lykilmaður í hinum miklu breytingum sem urðu á þeim vettvangi á sjóunda og áttunda áratugnum, bæði sem hugmyndasmiður og lærlimeistari. Hann prófaði sig áfram með verk sem að sumu leyti voru í anda flúxus, pop og konseptlistar en eru að sama skapi algjörlega einstök. Hann hefur alla tíð síðan sprengt hefðbundin landamæri milli listgreina jafnframt því sem hann skilgreinir upp á nýtt hlutverk og eðli listaverksins.

Sem dæmi um arfleifð Magnúsar eru þáttakar hans í stofnun Leikfélagsins Grímu árið 1962–63, stofnun Deildar í móton (Nýlistadeildar) við Myndista- og handíðaskóla Íslands árið 1975, stofnun Nýlistasafnsins

árið 1978, og stofnun Nýlókórsins árið 2003. Þá hefur hann lagt mikið af mörkum til félagsmála myndlistarmanna. Árið 1980 var Magnús Pálsson fulltrúi Íslands á Fenevatíðeringnum og árið 1994 var haldin fyrsta yfirlitssýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum. Listasafn Reykjavíkur beindi sjónum safngesta að gjörningum Magnúsar frá árabilinu 1980–2013, á sýningunni *Lúðurhljómur í skókassa* en hún var unnin í samstarfi við Listaháttíð í Reykjavík árið 2013.

Nú á sýningunni *EITTHVAÐ úr ENGU* – þegar listamaðurinn stendur á níræðu – er áherslan á efnislegan myndheim hans. Valin eru saman verk frá því snemma á sjóunda áratugnum til samtímans sem endurspeglar þá frjósömu hugsun sem Magnús hefur alla tíð sýnt í skúptúrum, innsetningum, hljóðverkum, myndbandsverkum, bókverkum og tvívídum verkum. Á sýningunni eru verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur, verk sem fengin eru að láni víða að sem og úr eigu listamannsins. Sýningin byggist að miklu leyti á gögnum úr viðamiklu heimildasafni um Magnús Pálsson sem Listasafn Reykjavíkur varðveisir. Mörg verka Magnúsar eru óáþreifanleg og bundin tilteknum tíma og rúmi og gegnir gagnasafnið því lykilhlutverki þegar litið er til rannsókna á íslenskri samtímalistasögu. Sýningin skiptist í nokkrar kafla eftir sölum Hafnarhússins auk þess sem fjölmörg verk Magnúsar frá ýmsum tímum er að finna víða utan sýningarsala, í fjölnotarými, stofu, á göngum á 2. hæð og loks fyrir framan skrifstofur á 3ju hæð.

### **Salur A**

Í sýningarsalnum á jarðhæð eru verk Magnúsar frá árinu 1990 og til samtímans. Á þessum þremur áratugum hefur borið meir og meir á stað- og tímabundnum verkum. Helst ber þar að nefna gjörninga listamannsins en einnig verk í almannarými og margs konar samstarfsverkefni þvert á listgreinar. Mörg þessara yngri verka eru viðamiklar innsetningar í ýmsa miðla eða gjörningar sem líkjast leikhúsuppfærslum að umfangi. Hér má sjá hluta nokkurra innsetninga auk annarra verka, en víða um Hafnarhúsið má finna fleiri dæmi um listsköpun Magnúsar á árabilinu 1990–2019.

### **Salur B**

Á móti gestum tekur eitt elsta verkið á sýningunni, *Erðanú borð!* frá árinu 1962. Í salnum eru verk frá fyrstu þremur áratugum á ferli Magnúsar, allt til ársins 1990. Hér eru tilraunir hans með teikningu, grafík og ljósritun, úrvinnsla á fundnu efni og mótnun í leir og gifs. Verkin eiga gjarnan rætur að rekja til fólks og sagna, þau eru minnisvarðar um nafntogaða einstaklinga og fyrirbæri. Tungumálið og frásögnin er undirstaða sem umbreytist í mynd og form. Þegar líður á tímabilið verða verkin stærri að umfangi og hugur listamannsins virðist stefna út fyrir sýningarsalina og í annað og víðara samhengi við samfélagið, náttúruna, söguna og aðrar listgreinar.


### **Salur C**

Bókverkagerð er lykilbáttur á ferli Magnúsar. Í bókverkum hefur hann bæði útfært tilraunir sínar með efni og form en líka notað þau til þess að skrá ýmiss konar ferli. Þau eru birtingarmynd á samstarfsverkefnum með öðrum listamönnum eða með nemendum. Bókverkaröðin *Automobile* frá 1969 sker sig úr, en þar er ýmsum hlutum heillar bifreiðar snúið í bókarform. Hið línulega form bókarinnar, þar sem flett er frá einni síðu á aðra, má sjá endurspeglast í fjölmögum öðrum verkum Magnúsar.

### **Salur D**

Frá miðjum áttunda áratugnum bjó Magnús til röð verka sem tókust á við hið óefniskennda. Þar notaði hann oftast gifs til þess að fanga tilfinningar, náttúrufyrirbæri, hljóð og annað óáþreifanlegt. Hann vann einnig viðameiri verk í sama anda þar sem hann sneri upp á hugmyndina um sýningarrýmið sjálft. Þá mótaði hann gifsafsteypu af pónk-hljómsveit á meðan hún flutti lög sín, *The Anti Society League Concert* frá árinu 1982. Sú afsteypa er glötuð en árið 2013 endurtók Magnús leikinn með annarri hljómsveit og er afraksturinn til sýnis í A-sal Hafnarhúss.


# 1 HÆÐ FLOOR



Sýning Magnúsar Pálssonar er á 1. hæð í sal A auk stofu, fjölnotarymis og ports. Á 2. hæð í sölum B, C og D auk ganga á milli rýma.

Magnús Pálsson's exhibition is on the 1st floor in Gallery A, the Lounge, the Courtyard and the Auditorium. In the 2nd floor it is in gallery B, C and D together with the connecting hallways.

## 2 HÆÐ FLOOR



## 3 HÆÐ FLOOR

Sýningin heldur áfram á 3ju hæð  
fyrir framan skrifstofur

The exhibition continues in front  
of the offices on the 3d floor

# SOMETHING from NOTHING – The Visual Realm of Magnús Pálsson

When Magnús Pálsson was asked about his work *Dog Poem* from 1970 in an interview, he likened it to the language and the meaning of words in a poem: "... if you take things out of context, they become nothing." The work consists of a row of sixteen sculptures, where a cast of a porcelain dog statue slowly decays and then returns to form. "... gradually the dog becomes indistinct, stops being a dog and becomes a bit of plaster with a small wisp of hay in the middle, but then it changes back into SOMETHING from NOTHING." This attitude towards the creation process and the context of things has been typical of Magnús's work from the beginning.

Magnús's career spans six decades and has made his mark in many different fields. As a teacher, he has greatly influenced generations of artists. In the theatre, he has created original sets and experimental plays. He is an unequivocal pioneer of performance art. In art, Magnús played a vital role in the great changes which took place in the art world during the sixties and seventies, as an innovator and a mentor. He experimented with art which to a point was in the spirit of flux, pop and concept art, but at the same time absolutely unique. He constantly blows up the boundaries between art forms as well as redefining the nature and role of the artwork.

An example of Magnús's heritage is his participation in founding the Gríma Drama Society in 1962–63, founding the New Media Department at The Icelandic College of Art and Crafts in 1975, the founding of The Living Art Museum in 1978, and the Nýló Choir in 2003. He has also been very active

in artists' social activities. In 1980, Magnús represented Iceland at the Venice Biennale and in 1994 the first retrospective of his work was held at Kjarvalsstaðir. In 2013, Reykjavík Art Museum focused on Magnús's performance art between 1980 and 2013, in an exhibition called *The Sound of a Bugle in a Shoebox*, a collaboration with Reykjavík Arts Festival.

The present exhibition SOMETHING from NOTHING – now when the artist is ninety-years old. – focuses on his material imagery. Artworks from the early sixties to the present time are paired together, reflecting the rich imagination which Magnús has always displayed in his sculptures, installations, audio and video works, book works and two-dimensional artworks. The exhibition contains pieces from the museum's collection, pieces which have been lent to the museum and from the artist himself. It is largely based on material from the extensive Magnús Pálsson Archive which is preserved at the Reykjavík Art Museum. A lot of Magnús's work is intangible and connected to a certain time and space and so this collection is of vital importance in the research of contemporary Icelandic art history. The exhibition is split into different chapters in the exhibition halls at Hafnarhúsið, and many of Magnús's works from different times can also be found in various places outside the museums galleries.

## **Gallery A**

The exhibition hall on the ground floor holds Magnús's work from 1990 until the present. During these three decades, localised and temporary works have become more and more common with Magnús. The most prominent are his performances, but also works in public spaces and various collaborations across different art forms. Many of these younger artworks are extensive installations in various media or performances which resemble theatre productions in scale. Here, some of the installations can be viewed, as well as a few other works, but more examples of Magnús's art from 1990–2019 can be seen around Hafnarhús.

## **Gallery B**

Visitors are greeted by one of the oldest works in the exhibition, *What a table!*, from 1962. The gallery has works from the first three decades of Magnús's career, until 1990. Here we find his experimental sketching, graphic arts and photocopying, processing of found material and plaster casts. The works often spring from people and stories, they are memorials to renowned people and phenomena. Language and storytelling is the basis, and transforms into images and shapes. As time passes, the works get bigger and the artist's mind seems to head out of the exhibition hall, into a wider context of the society, nature, history and other art forms.

## **Gallery C**

Book work is a key element in Magnús's career. In his book works he has executed his experiments with material and form, but also used them to document various processes. They are the manifestation of collaborations with other artists or with students. The book work series *Automobile* from 1969 differs from the others; parts of a car are transformed into books. The linear form of the book, where you turn from one page to the next, can be seen reflecting in many other works by Magnús.

## **Gallery D**

From the middle of the 1970s, Magnús made a series of works, dealing with the immaterial. Most often he would use plaster to capture feelings, nature phenomena, audio and other intangible things. He also created bigger works in the same vein, where he played with the idea of the exhibition space itself. On top of that he created a plaster cast of a punk band while they were playing their songs; *The Anti Society League Concert*, in 1982. That cast is lost, but in 2013 Magnús repeated this project with another band and the resulting work can be seen in Hall A at Hafnarhúsið.

# EITTHVAÐ úr ENGU

Myndheimur Magnúsar Pálssonar

SOMETHING from NOTHING

The Visual Realm of Magnús Pálsson

28.09.2019–05.01.2020

## Sýningarstjórn Curators

Markús Þór Andréasson

Sigurður Trausti Traustason

**Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim söfnum, stofnunum og einkaaðilum sem lánuðu verk á sýninguna.**

**Nýlókóinn fær þakkir fyrir sitt framlag.**

**Listamanninum og fjölskyldu hans**

**eru færðar kærar þakkir.**

The Reykjavík Art Museum wishes to thank the museums, institutions and private parties who kindly lent works for the exhibition.

Thanks to Nýlókóinn (The Icelandic Sound Poetry Choir). Sincere thanks to the artist and his family.

## Sýningin hlaut styrk úr

### Myndlistarsjóði og Safnasjóði.

The exhibition was granted support from the Icelandic Visual Arts Fund and the Museum Council of Iceland.

## Dagskrá

Programme

**Fimmtudag 17. október kl. 20.00**

**Leiðsögn sýningarstjóra**

Thursday 17 October at 20h00

Curators Talk

**Fimmtudag 5. desember kl. 20.00**

**Leiðsögn sýningarstjóra**

Thursday 5 December at 20h00

Curators Talk

**Á sunnudögum kl 15:00 er upplestur úr bókverkum.**

Sundays at 15h00 there is a live reading from selected book works.

## Nánari upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá á heimasíðu safnsins

Further information on guided tours and programme on museum website

## Stórir og smáir hópar

### geta bókað sérleiðsögn

Small or large groups can book guided tours